

40 skyldu sína til þess að framfærsluhreppurinn fengi vitneskju um hinn veitta styrk, og 20. febr. gæti haft hönd í bagga með um ráðstöfun Guðlaugar, hlýtur að hafa þá afleiðingu, að Gnúpverjahreppur missi samkvæmt kröfu Seltjarnarneshrepps tilkall til endurgjalds á þeim hluta styrksins, er veittur var áður en þetta fyrsta fótímál, sveitfestisprófið, var stigið til að geta gjört framfærsluhreppnum aðvart. Reyndar varð enn nokkur dráttur á málinu eptir þetta, og framfærsluhreppurinn fjekk fyrst tilkynningu um styrkinn sumarið 1885, en sá dráttur verður eigi kenndur hreppsnefndinni í Gnúpverjahreppi.

Hvað þar næst snertir styrk þann, er Guðlaugu var veittur 1885—86, verð jeg að vísu að vera yður samdóma um, að viðurkenningin af hendi Seltjarnarneshrepps muni hafa komið of seint til þess að þurfalingur þessi, sem var kominn á sjötugsaldur, yrði fluttur það ár á sveit sína, enda mun þá og hafa verið búið að ráðstafa honum fyrir allt árið, en verði þetta álitíð, virðist einnig Gnúpverjahreppur eiga heimtingu á endurgjaldi alls þess styrks, er hann hafði í tje látið eða 75 kr. 40 a., án tillits til þess hvað hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps á áliðnu árinu »ákvað» að hún vildi leggja þurfa-lingnum. Fyrir árið 1886—87 virðist Gnúpverjahreppur einnig eiga tilkall til endurgjalds á meðgjöf með Guðlaugu, því að hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps fór því alls eigi fram, að hún væri flutt það ár, en ljet það á hinn bóginn í ljósi í fyrnefndu brjefi 5. desbr. 1885, að hún (o: hreppsnefndin) mundi eigi framvegis (o: frá fardögum 1886) greiða meira meðlag með Guðlaugu en 60 kr. nema sannað væri með læknisvottorði, að hún væri ekki flutningsfær, og í brjefi 1. marz 1887 kvaðst sama hreppsnefnd heimta, að Guðlaug sje flutt á næsta vori, því hún greiði ekki meðlag með henni til Gnúpverjahrepps optar en þetta yfirstandandi ár. En endurgjald það, er Gnúpverjahreppur á heimting á fyrir 1886—87 verður þó, þar sem eigi hefur sannað verið, að Guðlaug hafi eigi verið flutningsfær það ár eigi sett hærra en 60 kr., eins og Seltjarnarneshreppur hefur samþykkt að leggja henni í Gnúpverjahreppi þetta ár.

Samkvæmt framangreindu skal úrskurði yðar í máli þessu breytt á þá leið, að Gnúpverjahreppur skal eigi eiga tilkall til endurgjalds á styrk þeim, er veittur hefur verið ofannefndri Guðlaugu Guðmundsdóttur til fardaga 1882. Aptur á móti endurgjaldi Seltjarnarneshreppur honum fyrir fardagaárið 1882—83: 2 kr. 80 a. (2 vikna meðlag)

fyrir fardagaárið 1883—84	74 kr. 10 a.
— — 1884—85	80 — 60 —
— — 1885—86	75 — 40 —
— — 1886—87	60 — » —
Alls		292 — 90 —

og skal jeg þjónustusamlega skora á yður að hlutast til um, að hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps greiði Gnúpverjahreppi tafarlaust þessa upphæð, að svo miklu leyti sem það ekki þegar er gjört.

41 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um uppbót prestakalls. — Eins og 23. febr. hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum er kunnugt, hefur Fjarðar prestakalli í Mjóafirði verið útlagðar jarðir frá Valþjófsstaðar- og Ásprestaköllum, samkvæmt ráðgjafarbrjefi 3. júní 1887, upp í 500 kr. af 800 kr. tillaginu til brauðsins úr landssjóði. Nú hefur presturinn að Firði, sjera Þorsteinn Halldórsson með brjefi 28. nóvbr. f. á. farið þess á leit

við mig, að sjer verði endurgoldinn úr landssjóði tekjuhalla sá, sem hann kveðst biða 41 fardagaárin 1887—88 og 1888—89, við það, að afgangurinn af jörðum þeim, sem út hafa 23. febr. verið lögð Fjarðarprestakalli, nái eptir verðlagsskránum eigi 500 kr. upphæð, og telur hann tekjuhalla pennan fyrir bæði fardagaárin að viðbættum umboðskostnaði alls kr. 253,97.

Út af þessu skal yður, herra amtmaður og háaruverðugi herra, hjer með tilkynnt til þóknanlegrar birtingar fyrir prestinum að Firði í Mjóafirði, sjera Þorsteini Halldórssyni að umgetin ráðstöfun, að leggja Fjarðarprestakalli jarðir út upp í 500 kr. af tillaginu úr landssjóði, sje framkvæmd að boði ráðgjafans í ofan nefndu brjefi að fengnum úrskurði konungs, sbr. ráðgjafabrjef 18. apríl 1887, enda sje slík ráðstöfun samkvæm tilætlun alþingis og 3. gr. prestakallalaganna 27. febrúar 1880; það liggi líka í augum uppi, að eins og presturinn geti beðið einhvern halla við það, að verðlagsskrár sjeu lágar og hin umræddu jarðarafgjöld þannig eigi nái 500 kr., eins geti líka hæglega farið svo, að verðlagsskrár verði svo háar, að jarðarafgjöldin fari fram úr 500 kr., og verður það þá ágóði prestsins. Af þessum ástæðum sjái eg enga ástæðu til að prestinum verði greiddur þessi tekjuhalla, en hann geti auðvitað, vilji hann eigi hlíta þessum úrslitum, snúið sjer beina leið til ráðgjafans.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 42 tilkall Staðarkirkju í Steingrímsfirði til hvalreka á Þjóðjörðinni Reykjanesi. — 28. febr. Síðastliðinn vetur rak hval á Þjóðjörðinni Reykjanesi í Árneshreppi, sem heyrir undir Strandasýslu-jarðir. Presturinn að Stað í Steingrímsfirði gjörði fyrir hönd Staðarkirkju, tilkall til helmings af hvalnum, en umboðsmanni þótti eigi tilkall hans á fullum rökum byggt og tók andvirði alls hvalsins í umboðssjóð. Með því nú að ofan nefndur presur hefur með skilrikjum sannað rjett Staðarkirkju til hálfis reka á jörðinni Reykjanesi, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir umboðsmann Strandasýslujarða, að greiða prestinum að Stað í Steingrímsfirði úr umboðssjóði andvirði helmingsins af umræddum hval að frádregnum öllum kostnaði.

Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um endurgjald á 10 kr. 43 er glatast höfðu úr peningapóstsendingu. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef 28. febr. yðar, herra póstmeistari, dags. 20. p. m. þar sem þjer skýrið frá, að af peningasendingu frá Skúla sýslumanni og bæjarfógeta Thoroddsen að upphæð kr. 34,65, sem hann sjálfur hafði farið með á póstafgangi á Ísafirði og látið póstafgangslummanninn telja og fengið kvittun hans fyrir, hafi vantað 10 kr. þegar viðtakandi tók við peningasendingunni á brjefhirðingastaðnum Breiðabólstað á Skógarströnd og opnaði hana í viðurvist brjefhirðingarmannsins þar — skal jeg þjónustusamlega skora á yður að greiða ofangreindum sendanda umgetnar 10 kr. úr póstsjóði og sömuleiðis hlutast til um, að póstafgangslummaðurinn á Ísafirði endurgjaldi póstsjóði þessar 10 kr., þar sem hann hefur gefið út póstkvittun fyrir að kr. 34,65 hafi verið rjett skilað á póstafgangsluna, svo að hinar vantandi 10 kr. hljóta að hafa runnið inn til hans eða tapast í vörslum hans.